

## Erindisbréf

### Starfshópur vegna húsnæðisstefnu Hafnarfjarðar, málsnr. 1604079

#### Hlutverk:

Starfshópurinn skal gera tillögu til bæjarráðs um húsnæðisstefnu Hafnarfjarðarkaupstaðar. Við mótun stefnunnar skal hópurinn huga að efnahagslegum, umhverfislegum og samfélaglegum þáttum og þá ekki hvað síst skipulagsmálum, enda getur góð staðsetning við almenningssamgöngur, þjónustu og aðrar grunnstoðir bæjarins skipt sköpun er kemur að hagkvæmni búsetu. Mikilvægt er að huga að gæðum, efniskennnd og séreinkennum bæjarins við uppbyggingu - hvort heldur í þéttri byggð eða í úthverfum og að ekki verði slakað á gæðakröfum, enda byggjum við bæinn okkar með framtíðina í huga. Leggja skal áherslu á félagslega þarfagreiningu, bæði hvað varðar húsnæðisframboð og fjárhagslegan stuðning. Tekið verði mið af fjölbreytilegum þörfum íbúa í sveitarfélaginu. Horft verði til fyrirliggjandi greiningar í drögum að húsnæðisáætlun frá 2014. Tekið verði tillit til samstarfs og samræmis við önnur sveitarfélög.

#### Skipan starfshópsins:

Hópurinn skipa fimm fulltrúar. Bæjarráð skipar hópurinn og ákveður hver er formaður hans. Hópurinn munu skipa eftirtaldir fulltrúar:

- x, formaður
- z
- þ
- æ
- ö

#### Skipulag:

Hópurinn tekur til starfa eftir að erindisbréf hefur verið afgreitt af bæjarráði og skal skila tillögum til bæjarráðs fyrir lok xxxx 2016. Hópurinn skal funda að jafnaði á tveggja vikna fresti og verður greitt fyrir fundarsetu skv. reglum Hafnarfjarðarbæjar um greiðslur vegna setu í ráðum og nefndum, að hámarki 10 sinnum. Með starfshópnum starfa Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri fjölskylduþjónustu og Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi. Hópurinn starfar í umboði bæjarráðs. Hópurinn skal halda fundargerðir. Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis bæjarráðs og fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar x. maí 2016